



Verkmenntaskólinn á Akureyri hefur sett sér gildi sem höfð eru að leiðarljósi í öllu starfi skólans. Mikilvægt er að starf innan skólans sé að grundvelli þessara gilda og að sífellt sé leitast við að mæta þeim kröfum sem samtíminn gerir til skólastarfs. Samhliða er horft til framtíðar og rýnt í þróun kennslu- náms- og starfshátta. Gildi VMA eru fagmennska, fjölbreytni og virðing.

Fagmennska felur í sér:

- ábyrgð og traust
- að verk séu unnin heiðarlega og vinnubrögð séu gagnsæ
- að vinnubrögð einkennist af vandvirkni og að þau séu útfærð af sérstakri færni
- að vinnubrögð séu fumlaus og að markvisst sé unnið að útfærslu hvers verkefnis
- að sá sem tekur að sér verkefni sýni alúð í því hvernig hann sinnir því.

Fjölbreytni felur í sér:

- að nemendur fái fjölbreytt viðfangsefni
- að kennsluhættir, námsframboð og námsmat sé fjölbreytilegt – og mæti væntingum, hæfileikum, áhuga og þörfum
- fjölbreyttan nemendahóp hvað varðar aldur, búsetu, námslega stöðu og fjölskyldustöðu
- fjölbreyttan hóp starfsmanna með mismunandi reynslu og menntun.

Virðing felur í sér að:

- allt starf einkennist af gagnkvæmri virðingu, umhyggju, umburðarlyndi og jafnrétti
- allir eigi jafna möguleika til þátttöku og áhrifa án tillits til félags- og efnahagslegrar stöðu, hæfni, reynslu, aldurs, kynferðis, kynhneigðar, trúarafstöðu, kynþáttar eða þjóðernis
- leysa ágreining og geta sett sig í spor annarra
- fara að almennum skóla- og umgengnisreglum.



Stefna um námsframboð

Markmið skólans er að undirbúa nemendur undir frekara nám á háskólastigi og sérhæfð störf. Það gerir VMA með því bjóða fjölbreyttar námsleiðir í starfs- og iðnnámi og til stúdentsprófs. Allar námsbrautir skulu vera í samræmi við gildandi lög um framhaldsskóla.

Þessu markmiði er náð með reglulegri endurskoðun á námsbrautum og námsframboði.

Mælipunktur:

- Þróun nýrra námsbrauta í samstarfi við atvinnulífið, háskóla og aðra hagsmunaaðila
- Endurskoðun núverandi námsframboðs m.t.t. breyttra áherslna í skólastarfinu.
- Boðið verður upp á nám á 4. þrepi fyrir árið 2021.

Stefna um nám og kennslu

Nám og kennsla er ein af grunnstoðum VMA og því lögð áhersla á að innan skólans sé öflugt námssamfélag og að nemendur sýni námi sínu og skólanum skuldbindingu. Markmið skólans eru að hvetja nemendur til virkni og þátttöku í skólastarfinu og veita þeim tækifæri til að hafa áhrif á nám sitt. Í gegnum námið læra nemendur að tileinka sér víðsýni, gagnrýna hugsun og frumkvæði og vinna ólík verkefni sem reyna á ýmsa hæfni. Nemendahópurinn í VMA er fjölbreyttur og því er mikilvægt að komið sé til móts við ólíkar þarfir nemenda við þróun kennslu og kennsluhátta. Þessum markmiðum verður náð með því að nota fjölbreyttar kennslu- og námsaðferðir og eftirfylgd með ástundun þeirra.

- Kennarar tileinki sér fjölbreyttar námsmatsaðferðir og leiti sífellt nýrra leiða til að þróa kennslu og námsmat.
- Leiðsagnarmat verði leiðandi í námsmati og hlutfall lokaprófa í námsmati fari minnkandi.
- Nemendur nái sem bestum árangri í námi sínu.
 - Bæta ástundun og minnka hlutfall þeirra nemenda sem hverfa frá námi.
 - Nemendur séu ánægðir í skólanum og með þá þjónustu sem þar er veitt.
 - Bjóða nemendum á Brautabréttu upp á námsver og það þróað áfram í átt að því að allir nemendur geti haft aðgang að námsveri.



Mælipunktur:

- Meðaleinkunn nemenda sé 6,5 eða hærri
 - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Hlutfall nemenda sem ekki ná lágmarksárangri í áfanga sé 10% eða lægra
 - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Mætingarhlutfall nemenda sé 90% eða hærra
 - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- Brottfall nemenda sé 9% eða lægra
 - Upplýsingar úr Innu (áfangastjórar)
- 85% nemenda eða fleiri eru ánægðir með kennslu í áfanga
 - Upplýsingar úr kennslu- og áfangamati (aðstoðarskólameistari)
- 90% nemenda eða fleiri telja að VMA undirbúi þá vel fyrir frekara nám eða starf.
 - Upplýsingar úr þjónustukönnun (aðstoðarskólameistari)
- Áföngum sem lýkur með lokaprófi fækki um 5% á ári næstu þrjú ár
 - Námsáætlun (áfangastjórar)

Stefna um starfs- og námsánægju

Markmið skólans er að nemendum og starfsfólki líði vel og sé ánæggt með náms- og starfsumhverfi sitt. Viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum allra sem starfa í skólanum og greidd séu jöfn laun fyrir sömu eða jafn verðmæt störf óháð kyni. Starfs- og námsánægja byggir á og endurspeglar meginstefnur skólans og gildi hans. Mælingar fara fram á hverju ári í gegnum *Stofnun ársins* og annað hvert ár í þjónustukönnun á meðal nemenda. Launagreining er gerð að minsta kosti einu sinni á ári.

- Starfsmönnum líði vel og séu ánægðir í starfi sínu í VMA
-
- Boðið er upp á fræðslu fyrir kennara um fjölbreyttar kennslu- og námsaðferðir með áherslu á upplýsingatækni og tækni framfarir sem býr nemendur undir það tæknisamfélag sem býður þeirra í frekari námi og/eða í atvinnulífi
- Starfsaðstæður nemenda og starfsmanna séu í samræmi við væntingar og kröfur sem gerðar eru til starfsumhverfis skólans



- Nemendum líði vel í skólanum
- Skólinn leggi áherslu á félagslíf nemenda og eflingu skólabrags

Mælipunktur:

- Að svörun (við spurningunni “*Á heildina litið er ég ánægð(ur) í starfi mínu*”) í VMA sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert
 - Upplýsingar úr Stofnun ársins (aðstoðarskólameistari)

Að útskýrður launamunur sé ekki til staðar í launagreiningu VMA og verði ekki meiri en 3%.og að skólinn starfi samkvæmt Jafnlaunastaðli ÍST85:2012. GÁT-002 GÁT-069.

- Að svörun við spurningunni “*Ég er ánægð(ur) með aðbúnað minn á vinnustaðnum*” sé við eða yfir meðaltali niðurstaðna annarra framhalds- og háskóla samkvæmt könnuninni Stofnun ársins ár hvert
 - Upplýsingar úr Stofnun ársins (aðstoðarskólameistari)
- Að skólinn starfi samkvæmt jafnlaunastaðli ÍST 85:2012 og að útskýrður launamunur sé ekki hærri en 3% í launagreiningu VMA
 - Upplýsingar úr launagreiningu (rekstrar- og fjármálastjóri)
- Að 90% nemenda svari næstum alltaf eða oftast við spurningunni “í skólanum líður mér vel.”
 - Upplýsingar úr þjónustukönnun (aðstoðarskólameistari)
- Að 85% nemenda svari frekar sammála eða mjög sammála við fullyrðingunni: “*Ég er ánægð(ur) með aðstöðu og búnað til náms í áfanganum.*”
 - Upplýsingar úr kennslu- og áfangamati (aðstoðarskólameistari)
- Á hverri önn sé boðið upp á fræðslu fyrir kennara um fjölbreyttar kennslu- og námsmatsaðferðir með áherslu á upplýsingatækni
 - Fjöldi námskeiða/fræðslu á skólaári sbr. endurmenntunaráætlun skólans og skýrslu upplýsingatæknimentora á hverju skólaári

Rekstur, húsnæði og skipulag



Lögð er áhersla á að nýta vel þá fjármuni sem skólinn hefur til umráða og kostnaði haldið í lágmarki. Það er m.a. gert með góðu skipulagi í mannauðsstjórnun, aðhaldi og skipulagi á innkaupum og nýtingu efnis og einnig með góðri nýtingu í námshópum. Yfirstjórn skólans vinnur með starfsmönnum og Ríkiseignum að þróun skólans hvað varðar aðbúnað og húsnæði.

- Rekstur sé í samræmi við fjárheimildir ársins og innan skekkjumarka rekstraráætlunnar.
- Halda nýtingu í námshópum eins góðri og mögulegt er hverju sinni.
- Unnið skal markvisst að endurnýjun tækja og búnaðar.
- Starfsmannahald sé innan rekstrarheimilda og mannauður sé í samræmi við kröfur um menntun og hæfni.
- Allur skólinn starfi eftir vottuðu gæðakerfi samkvæmt ISO9001

Mælipunktur:

- Hlutfall yfirvinnu af heildarlaunakostnaði skólans verði undir 10% árið 2021
 - Mælt í lok árs 2019, 2020 og 2021
- Meðalnýting á námshópum verði yfir 90% á hverju skólaári
 - Mælt í lok árs 2019, 2020 og 2021
- Rekstraráætlun sé í samræmi við fjárheimildir
 - Rekstraráætlun, ársreikningur og uppgjör í lok hvers árs.
- Gæðakerfi samkvæmt ISO9001 staðli á skólanum í heild verði viðhaldið og vottað.
 - Innri og ytri úttektir ásamt endurnýjun á reglulegri ISO9001 vottun.